



## Fundargerð

358. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 14. nóvember 2013 kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJÓ) og Sveinn Ragnarsson (SR). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og var spurt eftir öðrum málum á dagskrá, samþykkt að taka þrjú mál á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Fundargerðir

#### 1. 357. fundur sveitarstjórnar 10. október 2013.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. Skipulags- og bygginganefnd 11. nóvember 2013.

*Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.*

1. **1311001 – Fjárhagsáætlun 2014-2017.**  
*Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.*
2. **1311009 – Miðjanes 139646, umsókn um stofnun tveggja lóða.**  
*Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.*
3. **1311010 – Deiliskipulag við Reykhóla, útivistarsvæði og sjávarböð.**  
*Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.*
4. **1209009 – Búfjarsamþykkt fyrir Reykhólahrepp.**  
*Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.*
5. **1302028 – Rekstur á Staðarhöfn.**  
*Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.*
6. **1304040 – Flateyjarland 212288, iðnaðar-, athafnalóð, deiliskipulag.**  
*Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.*
7. **1301023 – Strýta 135797, bygging geymslu og kyndiklefa.**  
*Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.*
8. **1311015 – Reykhóla kirkjugarður 216291, hleðsla um kirkjugarð, framkvæmdaleyfi.**  
*Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.*

*Fundargerðin samþykkt í heild sinni.*

#### 3. Stjórn Barmahlíðar 16. október 2013.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

### Mál til afgreiðslu

1. **1311001 – Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2014-2017, fyrri umræða.**  
Drög að fjárhagsáætlun lögð fram.

*Sveitarstjóri lagði fram frumvarp að fjögurra ára áætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2014-2017. Farið var yfir niðurstöður og er áætluninni vísað til seinni umræðu. Samþykkt samhljóða.*

**2. 1311002 – Rekstraryfirlit janúar-september 2013 og útkomuspá fyrir árið.**

*Sveitarstjóri lagði fram árshlutayfirlit Reykhólahrepps í samanburði við fjárhagsáætlun fyrir tímabilið janúar til september 2013.*

*Rekstraryfirlitið sýnir rekstrarafgang um 12,4 millj.kr. sem er um 3 millj.kr. betri niðurstaða en áætlun tímabilsins gerir ráð fyrir.*

*Betri afkoma skýrist einkum af hærri tekjum, en þær eru um 14 millj.kr. umfram áætlun fyrstu níu mánuði ársins.*

*Sveitarstjórn álitur í ljósi framangreinds að rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins á árinu 2013 verði í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykhólahrepps fyrir árið 2013.*

**3. 1311003 – Fjármál sveitarfélaga.**

*Erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dagsett 23. október 2013.*

*EFS óskar eftir upplýsingum um með hvaða hætti sveitarstjórn stýrir og hefur eftirlit með fjármálum sveitarfélagsins frá mánuði til mánaðar, til að mynda er óskað eftir upplýsingum um árshlutauppgjör, gerð greiðslu- og launaáætlana ásamt skoðun efnahagsliða og gerð útkomuspár fyrir yfirstandandi reikningsár. Óskað er upplýsinga hvort framangreindir þættir eru til staðar við fjármálastjórnina, tíðni samanburðar við fjárhagsáætlun og með hvaða hætti og hversu oft sveitarstjórn fari yfir og leggi mat sitt á stöðu fjármálanna.*

*Lögð fram tillaga að svari til Eftirlitsnefndarinnar. Sveitarstjóra falið að koma því á framfæri. Samþykkt samhljóða.*

**4. 1303021 – Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa og stjórnendur Reykhólahrepps, fyrri umræða.**

*Drög að siðareglum lögð fram.*

*Sveitarstjórn list vel á framlögð drög að siðareglum sem ÁSK og SR hafa unnið. Siðareglum vísað til seinni umræðu, samþykkt samhljóða.*

**5. 1209011 – Gatnagerðargjöld í Reykhólahreppi, samþykkt.**

*Afgreiðslu frestað á fundi sveitarstjórnar 10. október 2013.*

*EK lagði fram svohljóðandi tillögu: „Undirritaður leggur til að allir liðir í gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld í Reykhólahreppi, sem samþykkt var í skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd þann 7. október 2013 verði lækkaðir um eitt prósentustig.“ Tillaga EK samþykkt með fjórum atkvæðum EK, ÁSK, GJO og AB gegn atkvæði SR. Sveitarstjóra falið að birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.*

**6. 1311016 – Tölvur í Reykhólaskóla, aukafjárveiting.**

*Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 4. nóvember 2013.*

*Sveitarstjórn heimilar aukafjárveitingu að upphæð 1,2 milljón í viðbót við tölvubúnað Reykhólaskóla. Kostnaður færist sem eignfærð fjárfesting. Samþykkt samhljóða.*

**7. 1311017 – Leyfi fyrir býflugnarækt á Reykhólum.**

*Erindi frá Guðjóni D. Gunnarssyni dagsett 11. nóvember 2013.*

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framkomuð erindi. Samþykkt samhljóða.*

**8. 1311004 – Umsagnarbeiðni um tillögu að þingsályktun um leikskóla að loknu fæðingarorlofi, 6. mál.**

Erindi frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis dagsett 11. október 2013.

*Sveitarstjórn veitir ekki umsögn í málinu. Samþykkt samhljóða.*

**9. 1311008 – Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um forvarnastarf vegna krabbameins í blöðruhálskirtli, 28. mál, ummótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlun, 89. mál, um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum (tvöfalt lögheimili), 70. mál, og frumvarp til laga um húsaleigubætur námsmanna (réttur námsmanna), 72. mál.**

Erindi frá velferðarnefnd Alþingis, dagsett 6. og 7. nóvember 2013.

*Sveitarstjórn veitir ekki umsögn í málunum. Samþykkt samhljóða.*

### **Til kynningar**

**10. 1309026 – Fundir sveitarstjórna með fjárlaganefnd Alþingis haustið 2013.**

Minnisblað frá fundi sveitarstjóra og SR með fjárlaganefnd Alþingis 29. október 2013.

*Lagt fram.*

**11. 1311014 – Afsal eigna, Hellnafljótsflöt 201275 og Galtará 139554, 8,3333% hluti.**

Tvö afsöl frá Sýslumanninum á Patreksfirði send 15. og 30. október vegna innlausnar fasteigna við nauðungarsölu.

*Sveitarstjóra falið að setja ofangreindar lóðir á sölu. Samþykkt samhljóða.*

**12. 1311005 – Mat á skólastarfi.**

Erindi frá formanni skólastjórafélags Vesturlands dagsett 8. október 2013.

*Kynnt.*

**13. 1311006 – Fundargerð 809. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

*Fundargerð lögð fram.*

**14. 1311007 – Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 11. október 2013.**

*Fundargerð lögð fram.*

### **Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin**

**15. 1311018 – Sameiginlegt markaðsátak fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum 2014-2017.**

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dagsett 12. nóvember 2013.

*Samþykkt í einu hljóði og vísað í fjárhagsáætlun.*

**16. 1311019 – Verkalýðsfélag Vestfirðinga, kjaramál.**

Erindi frá formanni Verkalýðsfélags Vestfirðinga dagsett 13. nóvember 2013 varðandi gjaldskrárhækkanir á komandi ári.

*Reykholahreppur hækkar ekki gjaldskrár sínar í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 umfram vísitöluhækkun.*

**17. 1311020 – Momentum, tilboð í innheimtupjónustu.**

*Tilboðið lagt fram, sveitarstjórn leggur til að skrifstofunni verði falið að meta það.  
Samþykkt samhljóða.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.30.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____